

8. fundur Betadeildar starfsárið 2017 – 2018 haldinn í Brekkuskóla, 24. apríl 2018 kl. 19:30

1. Setning fundar

Sigríður Magnúsdóttir setti fundinn í fjarveru Anítu formanns og flutti kveðjur frá fjarstöddum konum. Að því loknu tók Halldóra Haraldsdóttir við fundarstjórn fyrir hönd undirbúningsnefndar og Anna Þóra Baldursdóttir kveikti á kertum.

2. Orð til umhugsunar

Minnie Eggertsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún hefur sótt námskeið í skapandi skrifum og flutti fyrir okkur prósa sem varð til upp úr slíku námskeiði, endurminningar úr bernsku hennar við Breiðafjörðinn.

3. Lestur fundargerða

Fríða las fundargerð febrúarfundar sem var samþykkt en einnig var lesin fundargerð frá leshring í mars sem var óformlegur fundur. Að lestri loknum bar Fríða Betakonum kærleikskveðju frá Guðrúnu Björnsdóttur fyrrverandi Betakonu.

4. Erindi frá stjórn

- Sigríður minnti á vorþingið sem framundan er, sex Betakonur munu sækja þingið og vakti hún athygli á því að enn er möguleiki að slást í hópinn. Dagská þingsins lofar góðu þar sem umfjöllunarefnið er; Sköpun, gróska og gleði.
- Minnt var á aðalfund Beta sem haldinn verður 25. maí nk.
- Sigríður þakkaði Eygló fyrir hennar vinnu við að koma myndum af Betakonum á vefinn.
- Umræðum um Elísabetarsjóð framhaldið frá síðasta fundi. Umræður um að félagskonur greiði 1000 kr. inn í sjóðinn og að einnig komi framlag frá Betadeild þar sem deildin stendur vel um þessar mundir. Var því vísað til stjórnar og Elísabetarsjóðs að móta tillögu til þess að leggja fyrir aðalfund. Áhersla lögð á það að gæta þess að eiga þó í sjóði fé til þess að greiða fyrir skemmtiferðir Beta.
- Umræður um fjölda funda á ári skv. óformlegri fundargerð marsfundar. Vísað til stjórnar að móta skipulag fyrir næsta ár og bera upp á fyrsta fundi.

5. Kaffihlé, pyngja og happdrætti

Ragnheiður Sigurðardóttir fékk happdrættisvinninginn í þetta sinn.

6. Fundarslit

Formlegum fundi var slitið eftir kaffihlé og slökkti Anna Þóra á kertum.

7. Fræðsluerindi

Helena Sigurðardóttir, Betakona flutti erindi sem hún kallaði: *SnjallVefjan; tæknileg tækifæri. Hvernig má mæta þörfum einstaklinga með lestrarörðugleika með aðstoð nútímataækni*. Í erindinu kynnti hún SnjallVefju vefinn sem er meistaraverkefni hennar sem hún er að leggja lokahönd á.

Sigríður færði Helenu þakkir og rós fyrir hönd Betakvenna.

Samverunni lauk kl. 21:50 og fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir